

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Yfirbygging þeirra hráefnisgeymslna, sem opnar eru, sbr. gr. 2.4. og bréf borgarlæknis frá 22. desember 1978, skal lokið fyrir 1. júní 1988. Allt hráefni verksmiðjunnar skal eftir þann tíma geymt í lokuðum geymum eða þróm.
2. Þvotta- og kæliturn fyrir útblástur frá þurrkurum sbr. gr. 2.10. skal þannig búinn að hann kæli útblásturinn niður í a.m.k. 20°C, fyrir 1. júní 1988.
3. Byggingu fitugildru fyrir frárennsli sbr. gr. 2.14. skal lokið fyrir 30. desember 1988.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. febrúar 1988.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Haganeshrepps og Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu.**

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 24. febrúar 1988 staðfest sameiningu Haganeshrepps og Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt tilkynnist:

Að sameining þessi skal taka gildi 1. apríl 1988.

Að nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Fljótahreppur.

Að ákveðið hefur verið að kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags, Fljótahrepps, fari fram 26. mars 1988.

Að fulltrúar í sveitarstjórn Fljótahrepps skulu vera fimm.

Að kjörtímabil hinnar nýju sveitarstjórnar skal vera til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. febrúar 1988.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.**

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu